

## 54. fundur fagráðs um siglingar

Dags. og staður: 31. mars 2026, kl. 11. Fundur haldinn hjá Rannsóknarnefnd samgönguslysa, Vesturvör 2.

Viðstaddir: Páll Ægir Pétursson, formaður, Katrín Pálsdóttir (IRN), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Guðmundur Herbert Bjarnason (SFS), Stefán Guðmundsson (Samtök ferðapjónustunnar), Halldór Arnar Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmtæknimanna), Gísli Jóhann Hallsson (Samband íslenskra sveitarfélaga), Bogi Þorsteinsson (Slysavarnaskóli sjómanna), Ásgrímur Lárus Ásgrímsson (LHG), Kristín Helga Markúsdóttir (Samgöngustofa), Kjartan Páll Sveinsson (Landssamband smábátæigenda), Greipur Gísli Sigurðsson (Vegagerðin).

Aðrir gestir: Jón Pétursson (RNSA), Þorsteinn Þorkelsson (SGS), Bjarki Sigþórsson (SGS).

Dagskrá:

1. Kynning RNSA (Jón Pétursson)
2. Fundur HTW-12 hjá IMO (Bjarki Sigþórsson)
3. Önnur mál
  - a. Höfðaborgarsamþykktin um öryggi fiskiskipa
  - b. Vorfundur smábátæigenda

### Kynning RNSA

Jón Pétursson býður ráðsmenn velkomna og kynnir fyrir okkur Siglingasvið RNSA og svarar spurningum. Kynning á RNSA og hlutverki nefndarinnar. Skoðum tækjabúnað og rannsóknarstofur.

Fulltrúar RNSA yfirgefa fundinn.

### Fundur HTW-12 hjá IMO

Bjarki Sigþórsson (SGS) segir frá fundi Sub-Committee on Human Element, Training and Watchkeeping sem fór fram hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO) í London dagana 22. – 28. febrúar sl.

Umfjöllun á fundinum sneri að eftirfarandi:

- STCW endurskoðun: Breytingar á köflum II og III
- Nýir orkugjafar: Samþykkt drög um þjálfun á skipum sem nota metanól og ammoníak sem eldsneyti
- Eftirlit og sannprófun: Samþætting STCW eftirlits og IMSAS (IMO eftirlit)
- Model Courses: Þrjár viðmiðunarnámsskrár staðfestar og endurskoðun annarra námskeiða sett af stað
- Þreyta sjómanna: Kerfisbundin greining á vinnu- og hvíldartíma

Fundurinn, HTW-12, markaði mikilvægt framhald í endurskoðun STCW-samningsins og sýndi skýrt aukna áherslu á nýja orkugjafa, mannlega þætti, stafræna þróun og skilvirkara eftirlit. Niðurstöður endurskoðunar á STCW geta haft veruleg áhrif á íslenska siglingamenntun, vottun og stjórnsýslu á næstu árum. Mikilvægt verður fyrir Ísland að fylgjast náið með áframhaldandi vinnu innan IMO og undirbúa innleiðingu komandi breytinga.

### Önnur mál

**Höfðaborgarsamþykktin um öryggi fiskiskipa.**

Kristín Helga Markúsdóttir (SHS) fjallar um að gildisskilyrði Höfðaborgarsamþykktarinnar hafi verið uppfyllt og hún taki gildi í febrúar 2027.

Í tengslum við gildistöku verður webinar haldið 4. júní 2026 þar sem efni samþykktarinnar verður rætt. Nefndarmenn munu fá sendan skráningarhlekk á ráðstefnuna. Innlegg frá ráðherra og Samgöngustofu á webinarinu.

#### **Fyrsti vorfundur smábátæigenda haldinn 9. apríl 2026.**

Þorsteinn frá SGS segir frá. Fundurinn er haldinn með samstarfi SGS og félags smábátæigenda. Verður vonandi árlegur viðburður. Farið yfir það sem skiptir máli fyrir strandveiðatímabilið. 16 björgunarsveitir um allt land sem munu hafa opið hús á sama tíma og hægt að fylgjast með fundinum þar. Leiðbeiningum verður einnig dreift samhliða.

Kjartan frá Landsambandi smábátæigenda hrósar Samgöngustofu fyrir fundinn og samstarfið hefur greinilega verið ánægjulegt.

Fundi slitið 12:45. Stefnt á næsta fund 21. apríl.